

Nr. 1188

21. desember 2012

AUGLÝSING

**um fjárhæðarmörk tekjuskattstofns, innheimtuhlutfall
í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2013.**

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórnar, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2013 verður 22,9% af tekjuskattstofni að 2.897.702 kr., 25,8% af tekjuskattstofni frá 2.897.703 kr. að 8.874.108 kr. og 31,8% af tekjuskattstofni frá 8.874.109 kr. Meðalútsvar á árinu 2013 samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórnar verður 14,42%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2013 verður því 37,32% af tekjuskattstofni að 2.897.702 kr., 40,22% af tekjuskattstofni frá 2.897.703 kr. að 8.874.108 kr. og 46,22% af tekjuskattstofni frá 8.874.109 kr.

Sé tekjuskattstofn annars samskattaðs aðila hærri en 8.874.108 kr. skal það sem umfram er skatlagt með 25,8% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattstofn þess tekju-lægri er undir 8.874.108 kr., þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.988.203 kr. við þessar aðstæður.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstak-lings á árinu 2013 vera 581.820 krónur, eða 48.485 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. desember 2012.

F. h. r.
Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2012